

**Fundargerð háskólaráðs**  
**378. fundur fimmtudaginn 22. desember 2016**  
**Borgir 262, kl. 13:30-16:00**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:37.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda  
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs  
Guðmundur Kr. Óskarsson varafulltrúi háskólasamfélagsins  
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins  
Jens Garðar Helgason fulltrúi menntamálaráðherra  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Forföll boðuðu:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Rektor kynnti dagskrá.

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

*1611028*

Fundargerð 377. fundar var borin upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt án athugasemda

**2. Mál til kynningar**

Rektor fór yfir mál til kynningar.

Háskólafundur HA var haldinn þann 15. desember þar sem rektor kynnti framtíðarsýn til næstu ára og þá stefnumótun sem er í vinnslu þar sem núverandi stefna rennur sitt skeið í lok árs 2017.

### **3. Rekstur 2016**

1611034

Úlfar fór yfir rekstrarstöðu janúar til nóvember. Staðan í lok nóvember í samræmi við áætlun. Skólinn í heild sinni á áætlun og gert ráð fyrir að staðan í lok ársins verði á áætlun og reksturinn í jafnvægi. Tekist hefur að afstýra því að reksturinn fari fram úr áætlun eins og leit út fyrir á fyrri hluta ársins.

### **4. Rekstraráætlun 2017**

1612025

Lögð fram gögn vegna fjárhagsáætlunar 2017. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að reksturinn verði áfram í jafnvægi. Áætlað er að rekstrarafgangur ársins 2017 verði um 1,7 milljónir. Fjárhagsáætlun miðar við óbreyttan rekstur, þ.e. að halda óbreyttu ástandi. Rektor ítrekar að fara þurfi fram umræða á vormisseri hvernig skólinn ætlar að takast á við þennan fjármagnsramma sem skólanum er ætlaður næstu árin og leiðir væntanlega til þess að takmarka þurfi námsframboð og nemendafjölda. Farið var yfir tillögu sem liggur fyrir Alþingi um tímabundið aukaframlag til háskólastigsins en þar er Háskólanum á Akureyri úthlutað 40 milljónum til áframhaldandi þróunar á fjarnámi og þar er einnig skjalfest úthlutun fjármagns í lögreglufræði. Miðað við þetta þá er útlit fyrir að árið 2017 verði hægt að halda rekstri skólans í jafnvægi og halda óbreyttu ástandi en ekki er líklegt að unnt verði að laga rekstur skólans að þeim nemendafjölda og námsframboði sem nú er fyrir hendi. Til að svo megi verða þarf töluvert meira fjármagn.

Háskólaráð samþykkir rekstraráætlun 2017 og þar með þær breytingar sem verða gerðar á áætluninni miðað við ofangreindar breytingar á fjárlögum.

### **5. Stefna ríkisaðila 2017-2019**

1610050

Fyrir liggur að samþykkt hafa verið ný lög á Alþingi um opinber fjármál þar sem opinberum stofnunum er gert að skila áætlun til 3 ára ásamt því að skila sérstöku stefnuskjali til ráðuneytis, þar sem ráðuneyti þarf að samþykkja að stefna skólans falli undir stefnu ráðuneytis. Rektor fór yfir stefnuskjal Háskólans á Akureyri 2017 til 2019, sem stefnt er á að senda í menntamálaráðuneyti í lok vikunnar. Í stefnuskjalinu eru fjallað um helstu markmið skólans næstu þrjú árin og settar fram aðgerðir og mælikvarðar á aðgerðir til að ná markmiðunum og einnig eru markmiðin og aðgerðirnar kostnaðargreind.

Stofnanir þurfa einnig að leggja fram rekstraáætlun til þriggja ára og rektor kynnti rekstraráætlun HA 2017 til 2019, sem er miðuð við 9% aukafjárframlag á ári á milli árana 2017 og 2018 og 2018 og 2019. Ekki liggur fyrir hver fjárframlög verða árin 2018 og 2019 og þar af leiðandi er

litið svo á að rekstraráætlun 2018 og 2019 skuli setja fram í samræmi við stefnu stjórnvalda um fjárframlög til háskólastigsins, en fyrir liggur að stefna stjórnvalda er að fjárframlög til háskóla verði í samræmi við framlög innan OECD og síðan Norðurlandanna.

Háskólaráð samþykkir að umrædd skjöl, rekstraráætlun 2017 til 2019 og stefnuskjal HA 2017 til 2019 verði send í menntamálaráðuneyti.

## **6. Doktorsnámsúmsókn**

*1302059*

Rektor fór yfir stöðuna á úmsókn HA um heilmild til að bjóða upp á doktorsnám. Úttektarnefnd gæðaráðs háskólanna óskaði eftir viðbótargögnum frá HA vegna úmsóknarinnar. Þau gögn voru send föstudaginn 16. desember s.l. Nefndin mun heimsækja skólann 1. til 3. febrúar n.k.

## **7. Breyting á námskrá í iðjuþjálfunarfræði**

*1612015*

Lagt fram til kynningar. Fyrir liggur tillaga frá iðjuþjálfunarfræðideild um breytingu á námskrá í iðjuþjálfunarfræði. Málið er enn í ferli innan skólans, enn á tillagan eftir að fá umfjöllun í gæðaráði og samþykki framkvæmdstjórnar. Að því loknu mun tillagan koma aftur til umfjöllunar í háskólaráði. Stefnt að því að kenna samkvæmt nýrri námskrá haustið 2017, ef áætlanir ganga eftir.

## **8. Starfsmannamál**

### **• Ráðning forseta viðskipta- og raunvísindasviðs**

Rektor rakti ráðningarferlið. Fjórir umsækjendur voru um stöðuna en þrír þeirra voru metnir hæfir af dómnefnd HA. Þessir þrír umsækjendur fóru í stjórnendamat hjá Capacent. Þessum þremur umsækjendum var síðan boðið að kynna sig á sviðsfundi viðskipta- og raunvísindasviði. Tveir umsækjendanna kynntu sig á fundi fræðasviðsins og fræðasviðið skilaði síðan umsögn og greiddi atkvæði um umsækjendur.

Eftir mat á öllum gögnum og viðtöl við þá tvo umsækjendur sem eftir standa er það niðurstaða rektors að ráða dr. Rannveig Björnsdóttir sem forseta viðskipta- og raunvísindasviðs.

Háskólaráð lýsir sig sammála ákvörðun rektors um ráðningu forseta viðskipta- og raunvísindasviðs.

### **• Flutningur rektorsskrifstofu.**

Rektor sagði frá flutningi rektorsskrifstofu (rektor, verkefnastjóri skjalamála og verkefnastjóri stjórnarsýslu) úr E-húsi og yfir á 4. hæð á Borgum. Flutningurinn mun rýma fyrir breytingum sem framundan eru á háskólaskrifstofu, en fyrirhugað er að fjölga starfsmönnum í stoðþjónustu.

## **9. Fundir háskólaráðs á vormisseri 2017**

Fundir háskólaráðs á vormisseri verða: **fimmtudaginn 19. janúar, fimmtudaginn 23. febrúar, fimmtudaginn 23. mars, fimmtudaginn 27. apríl, fimmtudaginn 18. maí og fimmtudaginn 22. júní.**

Háskólaráð samþykkir fundaráætlun haustmisseris.

## **10. Önnur mál**

- **Rannsóknamisseri 2017-2018**

Fyrir liggur tillaga rannsóknamisserisnefndar um úthlutun rannsóknamissera skólaárið 2017 til 2018. Rektor fór yfir niðurstöðu nefndarinnar og fjármagn sem ætlað er í rannsóknamisseri samkvæmt rekstraráætlun. Þessi úthlutun fellur vel innan þeirra marka.

Þrettán umsóknir bárust en þar af voru aðeins sex umsóknir sem uppfylla skilyrði sem gerð eru í reglum HA um rannsóknamisseri og nefndin leggur til að þeim sex verði úthlutað rannsóknamisseri samkvæmt umsóknum. Lagt fram til kynningar nú en verður lagt fram til samþykktar á fundi í janúar.

- **Samstarf við Tækniháskólann í Murmansk**

Tækniskólinn í Murmansk hefur óskað eftir samstarfi við HA. Finnbogi sagði frá því að mikill áhugi væri á samstarfi við íslenska skóla og þarna væri sóknarfæri. Akureyri er vinabær Murmansk og því kjörið að skoða hvort þarna séu tækifæri á samstarfi og nánari tengslum. Jens Garðar sagði einnig frá því að hann hafði verið í samstarfi við aðila í Murmansk og það væri greinilegur vilji í Rússlandi fyrir auknu samstarfi. Háskólaráð lýsir ánægju með þetta og beinir því til rektors að svara skólanum formlega um vilja um samstarf og finna raunveruleg verkefni sem gætu verið grundvöllurinn að slíku samstarfi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:18.